Vigdís Þyri Ásmundsdóttir

Úttekt á gæðum Framvegis - miðstöð símenntunar

Úttekt framkvæmd af Vaxandi-Ráðgjöf

Gunnar Gíslason 19. nóvember 2018

VAXANDI – RÁÐGJÖF - Kambsmýri 14 – 600 Akureyri

Kfrimannsdottir@mac.com - karlfrim@gmail.com

Úttekt á gæðum hjá Framvegis, miðstöð símenntunar

Inngangur

Heimsókn matsaðila var 19. nóvember 2018 og voru allir starfsmenn viðstaddir. Vigdís Þyri Ásmundsdóttir framkvæmdastjóri, Ingibjörg Kristinsdóttir (náms- og starfsráðgjöf) og Helga Tryggvadóttir (raunfærnimat) náms- og starfsráðgjafar tóku þátt í mati allra þáttanna og Líney Jóhannesdóttir verkefnastjóri fræðslu sem sat fundinn meðan farið var yfir þann hluta matsins.

Gengið var um húsakynnin og kennslu- og vinnuaðstaða skoðuð. Þegar matsfundur hófst var fyrst farið yfir niðurstöður sjálfsmats á fræðsluhluta starfseminnar. Fulltrúar Framvegis kynntu starfsemina og jafnframt var farið kerfisbundið yfir öll viðmið EQM og þau rædd. Að auki var farið yfir gagnagrunn, heimasíðu, skráningasíðu, öryggisráðstafanir, persónuvernd og almennt mat á Framvegis. Þegar umræðu og mati á fræðsluhlutanum var lokið var farið á sama hátt yfir náms- og starfsráðgjöfina og að lokum raunfærnimatið. Matsaðili undirbjó heimsóknina með nákvæmri yfirferð á sjálfsmati Framvegis og bar fram spurningar eftir því sem við átti.

Helstu niðurstöður

Fræðsla

Hvorki voru gerðar athugasemdir við framkvæmd sjálfsmats á fræðslu Framvegis né notkun mats á starfsemi miðstöðvarinnar. Persónuverndarstefna hefur verið uppfærð og innleidd, en einstaklega vel er staðið að sjálfsmati, vinnureglum, skjalastjórnun, þarfagreiningum, samskiptum bæði innanhúss og utan svo og notkun viðmiða við gæðastjórnun. Starfsmenn Framvegis axla fulla ábyrgð á vinnu sem er á þeirra vegum og sýna ríkulegan vilja til að tryggja að allir sem að fræðslu koma uppfylli nákvæmlega þau viðmið EQM.

Náms- og starfsráðgjöf

Hvorki voru gerðar athugasemdir við framkvæmd sjálfsmats á náms- og starfsmennt né notkun mats á starfsemi setursins. Persónuverndarstefna hefur verið uppfærð innleidd, en einstaklega vel er staðið að sjálfsmati, gerð vinnureglna, skjalastjórnun, þarfagreiningum, samskiptum bæði innanhúss og utan svo og nýtingu viðmiða við gæðastjórnun. Líkt og áður er rík áhersla á að starfsmenn taki fulla ábyrgð sinni vinnu og tryggi með þeim hætti að allir sem að náms- og starfsráðgjöf koma uppfylli þau viðmið sem krafist er í EQM+.

Raunfærnimat

Meginviðfangsefni og áhersla Framvegis í raunfærnimati frá 2016 til 2018 er mat gagnvart námskrá Tölvubrautar Upplýsingatækniskólans. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) lagði fram nákvæma lýsingu á hvernig raunfærnimatið skuli framkvæmt og Framvegis fer nákvæmlega eftir þeim lýsingum. Við yfirferð á gæðaviðmiðunum EQM+ og gögnum þeim tengdum komu engar athugasemdir fram frá matsaðila. Starfsfólk FS leggur megin áherslu á að allir sem að raunfærnimatinu koma uppfylli þau viðmið sem krafist er af EQM+ og tryggi með þeim hætti vönduð og áreiðanleg vinnubrögð.

Niðurstöður úttektar

Allir starfsmenn sem tóku þátt í viðtalinu voru mjög vel að sér um starfsemina og í stakk búnir til að svara öllum spurningum sem upp komu. Starfsemi Framvegis er afar vel skipulögð, með skráningarsíðu og gagnabanka sem er til mikillar fyrirmyndar, mjög góða aðstöðu fyrir bæði námskeið og starfsfólk og sjálfsmat sem byggir á stöðlum EQM. Þeirra eigin væntingar til starfseminnar og nýtingar á sjálfsmatsferli og gæðaeftirliti sem uppfyllir öll skilyrði EQM og EQM+ eru miklar.

Þrátt fyrir að hvorki hafi verið gerðar athugasemdir við niðurstöður sjálfsmatsins né starfsemina almennt þá benti matsaðili Framvegis að það gæti verið styrkur í því fyrir leiðbeinendur að hafa yfirlit yfir fjölbreyttar kennsluaðferðir. Við því var brugðist snarlega og er slíkt eyðublað komið inn í ferlið.